

**Correspondentieadres:**

Trompet 18 A
2907 GD Capelle a/d IJssel
Mobiel : +31(0)6 518 361 16
Privé : +31(0)10 44 24 331
Fax : +31(0)10 45 80 501
E-mail : info@vanweelkoeltechniek.nl
Internet: www.vanweelkoeltechniek.nl

Bankrelaties:

Rabobank Nieuwerkerk-Moordrecht
rek. : 3452.00.543
IBAN : NL22 RABO 0345 2005 43
BIC : RABONL2U
K.v.K. : 29047121
BTW : NL0620.98.688.B01

Capelle aan den IJssel, 31. janúar 2014

Notkun þurrskápsins:

Í skápum af gerðinni DAC1DS og DAC2DS W.V-03. 1.2 er kælimiðillinn R600 própan og í DAC3DS er kælimiðillinn R134a, en báðar gerðir kælimiðla eru skaðlausar umhverfinu. Spenna 220-240 V, 50 Hz.

Í samstarfi við sérfræðinga á sviði þurrverkunar höfum við endurbætt þessar gerðir með það fyrir augum að þær henti betur fyrir þurrverkun kjötafurða.

Auk útlitsbreytinga taka endurbæturnar til eftirfarandi eiginleika skápanna:

- 1- hringrásar lofts
- 2- kælingar
- 3- stjórnunar

Stjórnhugbúnaðurinn hefur einnig verið endurbættur. Gerðar hafa verið breytingar á hitastillingum í því skyni að tryggja samfellda virkni. Ef hitastillirinn hættir að virka skal panta nýjan í hans stað og gæta þess að taka númer skápsins fram á pöntuninni. Við munum svo sjá til þess að gerðar séu viðeigandi breytingar á hugbúnaðinum og að réttar færribreytur séu stilltar inn.

Stillingarnar sem við höfum valið byggja á sérþekkingu okkar og reynslu okkar af kælitækni sem og á sérþekkingu hinna ýmsu sérfræðinga á sviði kjötiðnaðar. Færribreytulistinn sem fylgir með vísar til þessara stillinga.

Stillingum og uppsetningu er að fullu lokið. Þurrskápurinn hefur verið prófaður og er tilbúinn til notkunar.

Í ljósi ítarlegra rannsókna okkar og víðtækrar reynslu okkar á þessu sviði getum við fullyrt að núverandi tilhögun skápanna muni skila bestu mögulegu niðurstöðum. Hvers kyns breytingar á stillingum kunna því að hafa mjög neikvæð áhrif á kælingarferlið. Nálgast má ítarlegar upplýsingar á:

<http://www.vanweelkoeltechniek.nl/Dryagecabinets/Dryagecabinetsenglish.aspx>

Við viljum gjarnan fá ábendingar frá viðskiptavinum og hvetjum þig því til að hafa samband.

Leiðbeiningar um hnökralausa notkun í lengri tíma.

Taka skal rafmagnið alveg af skápnunum áður en hann er þrífinn.

Haldið hurðunum lokuðum til að tryggja samfellda virkni.

Gætið þess að bakhlið skápsins sé að minnsta kosti 6 cm frá veggnum svo hiti geti leitað upp.

Gætið þess að ekkert sé á grindinni að framanverðu.

Gætið þess að ekkert ryk safnist fyrir á eimsvalanum á bakhliðinni. Lítið í gegnum eimsvalan til að ganga úr skugga um að hann sé laus við ryk.

Við vonum að þurrskápurinn muni reynast vel í rekstri þínum og óskum þér góðs gengis.

Virðingarfyllst,

Aad van Weel

Framkvæmdastjóri/eigandi

